

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins

í málinu nr. 3/2021;

Fjalllendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals

I. Inngangur

Fyrirsvar málsaðila

Undirritaður, Ívar Pálsson hrl., Landslögum, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins.

Framlögð skjöl

Af hálfu íslenska ríkisins er lögð fram greinargerð þessi.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn, þ.m.t. vegna gróðurfars.

II. Kröfugerð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall.

Upphafspunktur er í fjallsbrún ofan við Merkislá sem ræður merkjum Sæbóls og Álfadal (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Hraunshorn sem ræður merkjum milli Álfadals og Hrauns (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Nesdalsskarði og þaðan í upptök Selár sem ræður merkjum Hrauns (3). Þaðan eftir miðlínu Selár og í Mórillu sem ræður merkjum við Háls (4). Þaðan eftir miðlínu Mórillu upp Hálsdal í fjallsbrún (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum Ranghala að Sandsheiði, fjallsbrúnir Arnarneshvilftar, Óþola og í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í ytri Vogakamb sem ræður merkjum Arnarness og Birnustaða (6). Þaðan eftir

fjallsbrún í punkt sem er í beinni sjónhendingu við Seljagil sem ræður merkjum Birnustaða og Skaga (7). Þaðan eftir fjallsbrún í Þúfu sem ræður merki Skaga (8). Þaðan í beinni línu til sjávar þar sem svæðið afmarkast af sjó að Nesdal og þaðan í sjónhendingu í Búðarhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Barða og Skálardals í upphafspunkt.

Kröfur samkvæmt upphaflegri kröfugerð eru óbreyttar. Framsetning á kröfulínu íslenska ríkisins á kröfukorti frá punkti 2 til 3 verður leiðrétt á þann veg að kröfulínan á kröfukorti mun fylgja fjallsbrúnum frá punkti 2 og þaðan í Nesdalsskarð í kröfupunkt 7 skv. kröfum landeigenda og þaðan í punkt 3 í upptökum Selár. Einnig verður punktur 8 í kröfulýsingu íslenska ríkisins samræmdur við punkt 3 í Þúfu samkvæmt kröfulýsingu landeigenda, sem og kröfulína á kröfukorti frá Þúfu og í Þúfusker. Í samræmi við upphaflega kröfugerð verður einnig gerð leiðrétting á kröfulínu á kröfukorti frá Þúfuskeri í Búðarhorn þar sem kröfusvæðið samkvæmt upphaflegri kröfugerð afmarkast af sjó. Vakin er athygli á því að réttara hefði verið að kröfulínan frá Þúfuskeri myndi afmarkast af sjó að merkjum Sæbóls og þaðan í fjallsbrún. Gagnaðilar hafa ekki fallist á breytingu á kröfusvæðinu varðandi framangreint og er kröfusvæðið því óbreytt hvað það varðar.

Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahviltarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall.

Upphafspunktur er í fjallsbrún þar sem Kýrá í Vatnadal rennur af fjalli og ræður merkjum Mýra og Garðs-Meiri (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir Svartahorns og Klukkulandsfjalls í Klukkulandskorn (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir þar sem Geldingadalsá rennur af fjalli og ræður merkjum Klukkulands og Núps (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum um Hrútskál, Grjótadal, Þverfell, Klúkuheiði og þangað sem Þverá í Brekkudal rennur af fjalli, og ræður merkjum Háls og Brekku (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Merkisgil (Merkishrygg) sem ræður merkjum Brekku og Villingadals (5). Þaðan eftir fjallsbrún Hrafnaskálarnúps og til sjávar við Ófæru (6). Þaðan ræður sjór merkjum að miðri Lambaskál og þaðan í sjónhendingu í fjallsbrún (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Mosdal inn Hörðal, Vatnahvilt, Þverfell og í Torfhorn í Valþjófsdal (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Valþjófsdals í Tunguhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Tungudals og í Torfhorn í Hjarðardal (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Miðhorn og þaðan eftir fjallsbrúnum Kaldbaks í Galtardal (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir Skáldagrímsfjalls, Rjúpna- og Folaldahviltar og Flatfjalls/Mýrarfjalls, með Gemlufallsdal og inn Vatnadal í upphafspunkt.

Gerð er eftirfarandi breyting á kröfugerð íslenska ríkisins. Er þess nú krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað

Þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðisins, sbr. eftirfarandi breytta kröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún þar sem Kýrá í Vatnadal rennur af fjalli og ræður merkjum Mýra og Garðs-Meiri (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir Svartahorns og Klukkulandsfjalls í Klukkulandskorn (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir þar sem Geldingadalsá rennur af fjalli og ræður merkjum Klukkulands og Núps (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum um Hrútskál, Grjótadal, Þverfell, Klúkuheiði og Þangað sem Þverá í Brekkudal rennur af fjalli, og ræður merkjum Háls og Brekku (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Merkisgil (Merkishrygg) sem ræður merkjum Brekku og Villingadals (5). Þaðan eftir fjallsbrún Hrafnaskálarnúps og til sjávar við Ófæru (6). Þaðan ræður sjór merkjum að miðri Lambaskál og þaðan í sjónhendingu í fjallsbrún (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Mosdal inn Hördal, Vatnahvilft, Þverfell og í Torfhorn í Valþjófsdal (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Valþjófsdals í Tunguhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Tungudals og í Torfhorn í Hjarðardal (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Miðhorn og þaðan eftir fjallsbrúnum Kaldbaks í Galtardal (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir Skáldagrímsfjalls, Rjúpná- og Folaldahvilftar og í upphafspunkt.

Með framangreindri breytingu er brugðist við athugasemdum og nýjum gögnum landeiganda Mýra, Fells og Lækjaróss auk gagna frá Þjóðskjalasafni Íslands, þ.m.t. yfirlýsingar Ástríðar Jónsdóttur 30. maí 1698.¹ Með breytingunni fellur Mýrarfjall/Flatfjall utan þessa kröfusvæðis.

Núpsfjall og Alviðrufjall

Upphafspunktur er í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu frá Kaldalæk sem ræður merkjum Núps og Alviðru (1). Þaðan ræður fjallsbrún þar sem Miðyndislækur rennur af fjalli og ræður merkjum Alviðru og Gerðhamra (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum Gerðhamrahorns, Gerðhamrahvilftar og að Núpsskarði (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum Miðhvilftarnúps, um Miðhvilft, Seljalandsnúp, Seljahvilft og Núpsfjall í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Núpsfjall* og *Alviðrufjall* frá upphaflegri kröfulýsingu.

¹ A.7.17. Mýrar í Dýrafirði, Lækjarós í Dýrafirði og Fell í Dýrafirði. 30. maí 1698. (Kirknaskjöl XVII, V-Ísafjarðarsýsla, Mýrar í Dýrafirði 1679–1842).

Þorfinnur

Upphafspunktur er í efstu fjallsbrún Þorfinns ofan við Ófæru í u.þ.b. 696m hæð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir ofan við Ófæruhlíð, um Hjarðarskál, um fjallsbrún á austanverðu fjallinu niður í fjallskamb við Manntapsskarð, syðst á fjallinu (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Tungudal í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Þorfinns* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Holtsfjall

Upphafspunktur er í fjallsbrún Holtsfjalls við þar sem Þórustaðabrún liggur í hæstu fjallsbrún í um 724m hæð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir fyrst ofan við Holtsskál og áfram hringinn í kringum fjallið í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Holtsfjalls* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Kambafjall og Messuhorn

Upphafspunktur er í fjallsbrún fjallstopps Kambafjalls – Messuhorns þar sem kambur Messuhorns tengist fjallsbrún fjallstoppsins austast á fjallstoppnum (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir fjallstoppsins þangað sem kambur, sem tengist Holtsfjalli tengist fjallstoppnum (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Kambafjalls og Messuhorns* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Íslenska ríkið hafnar öllum kröfum, hvort sem það er um bein eða óbein eignarréttindi, nema annað hafi verið tekið fram hér að framan.

III. Málavextir

Um málavexti vísar íslenska ríkið til framlagðar kröfulýsingar, dags. 15. september 2020. Í kjölfarið voru kröfur íslenska ríkisins kynntar af hálfu óbyggðanefndar með tilskyldum hætti. Var þeim sem töldu sig eiga kröfu á kröfusvæðinu veittur frestur til 1. febrúar 2021 til að leggja fram kröfur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall.

Elísabet A. Pétursdóttir vegna Sæbóls og Háls á Ingjaldssandi. Elísabet A. Pétursdóttir virðist eiga afmarkaða lóð á jörðinni og hús sem þar er. Skýra þarf aðild hennar.

Bjarni Maríus Jónsson vegna Sæbóls I, Sæbóls II og Álfadals.

Kristín Pétursdóttir vegna Sæbóls III.

Kristín Pétursdóttir vegna Háls (landnúmer 205348). Skráning á eignarhaldi lands með landnúmer 205348 er óljós. Skýra þarf aðild hennar.

Þorsteinshorn ehf. vegna Hrauns.

Guðrún Einarsdóttir, Höskuldur Haukur Einarsson, Db. Svanfríðar Gísladóttir, Gunnarr Baldursson, Halldís Gunnarsdóttir, Ásthildur Gunnarsdóttir, Júlía Leví Baldursdóttir, Db. Guðmundar Gilssonar, Baldur Gunnarsson, Þórlaug Erla Einarsdóttir, Halldór Gunnarsson, Sigrún Björk Einarsdóttir, Reynir Ásgeirsson, Garðar H. Magnússon, Friðdóra Haukdal Magnúsdóttir og Katrín Haukdal Magnúsdóttir vegna Arnarness í Dýrafirði.

Gunnhildur Valdimarsdóttir, Margrét Rakel Hauksdóttir, Ásta Valdimarsdóttir, Viktoría Valdimarsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigríður J. Valdimarsdóttir, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Hólmfríður Valdimarsdóttir, Rakel Valdimarsdóttir og Kristinn Valdimarsson vegna Birnustaða og Fjallaskaga í Dýrafirði.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahviltarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall.

Elísabet A. Pétursdóttir vegna Sæbóls og Háls á Ingjaldssandi Elísabet A. Pétursdóttir virðist eiga afmarkaða lóð á jörðinni og hús sem þar er. Skýra þarf aðild hennar.

Bjarni Maríus Jónsson vegna Sæbóls I og Sæbóls II.

Kristín Pétursdóttir vegna Sæbóls III og Villingadals.

Davíð Gíslason vegna Mýra í Dýrafirði.

Jón Skúlason vegna Lækjaróss í Dýrafirði.

Jón Skúlason vegna Minni-Garðs.

John Francis Zalewski, Brynjólfur Jónsson, Sæmundur Kristján Þorvaldsson og Lúðvík Emil Kaaber vegna Klukkulands í Dýrafirði.

Guðmundur S. Björgmundsson vegna Mosdals.

Guðmundur S. Björgmundsson vegna Kirkjubóls 1-2.

Guðmundur S. Björgmundsson vegna Dalshúsa.

Sigmundur B. Þorkelsson vegna Tungu.

Garðar Guðmundsson, Kristín S. Guðmundsdóttir, Db. Hallgríms Guðmundssonar og Aðalsteinn S. Guðmundsson vegna Grafargils.

Ásvaldur Magnússon og Helga Dóra Kristjánsdóttir vegna Traðar í Bjarnardal.

Sólveig Bessa Magnúsdóttir og Björgvin Sveinsson vegna Hjarðardals Innri.

Leggur og skel ehf. vegna Hjarðardals ytri.

Björn Björnsson vegna Þórustaða.

Kirkjumálasjóður vegna Holts í Önundarfirði.

Orkubú Vestfjarða vegna raflínu – Sandsheiði - Ingjaldslína.

Ekki var lýst kröfum vegna Meiri Garðs.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Núpsfjall og Alviðrufjall.

Gunnhildur Valdimarsdóttir, Margrét Raket Hauksdóttir, Ásta Valdimarsdóttir, Viktoría Valdimarsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigríður J. Valdimarsdóttir, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Hólmfríður Valdimarsdóttir, Raket Valdimarsdóttir og Kristinn Valdimarsson vegna Núps í Dýrafirði.

Matthildur Á. Helgadóttir, Jónudóttir, Árni Þór Helgason og Sigríður Helgadóttir vegna Alviðru og Leitis í Dýrafirði.

Halla Signý Kristjánsdóttir, Árelía Oddbjörnsdóttir, Guðný Kristjánsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Finnbogi Kristjánsson, Harpa Oddbjörnsdóttir, Guðrún Jóna Kristjánsdóttir, Jóhannes Kristjánsson, Íris Ósk Oddbjörnsdóttir, Helga Dóra Kristjánsdóttir, Kristján Sigurður Kristjánsson, Guðmundur Kort Kristjánsson og Evrópa ehf. vegna Gerðhamra í Dýrafirði.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Þorfinnur.

Guðmundur S. Björgmundsson, Sigríður Björgmundsdóttir og Sigmundur B. Þorkelsson vegna Þorfinnsstaða.

Garðar Guðmundsson, Kristín S. Guðmundsdóttir, Db. Hallgríms Guðmundssonar og Aðalsteinn S. Guðmundsson vegna Grafargils.

Sólveig Bessa Magnúsdóttir og Björgvin Sveinsson vegna Hjarðardals Innri.

Leggur og skel ehf. vegna Hjarðardals ytri.

Björn Björnsson vegna Þórustaða.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Holtsfjall

Kirkjumálasjóður vegna Holts í Önundarfirði.

Árni Guðmundur Brynjólfsson vegna Vaðla í Bjarnardal.

Sólveig Bessa Magnúsdóttir og Björgvin Sveinsson vegna Hjarðardals Innri.

Leggur og skel ehf. vegna Hjarðardals ytri.

Björn Björnsson vegna Þórustaða.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Kambafjall og Messuhorn.

Árni Guðmundur Brynjólfsson vegna Vaðla í Bjarnardal.

Ásvaldur Magnússon og Helga Dóra Kristjánsdóttir vegna Traðar í Bjarnardal.

Sólveig Bessa Magnúsdóttir og Björgvin Sveinsson vegna Hjarðardals Innri.

Leggur og skel ehf. vegna Hjarðardals ytri.

Björn Björnsson vegna Þórustaða.

IV. Málsástæður

Um málsástæður og heimildir er vísað til kröfulýsingar, dags. 15. september 2020 og sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands. Íslenska ríkið byggir á að framangreind landssvæði sem kröfur ríkisins ná til séu svæði utan eignarlanda því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Sæbóls, Álfadals, Hrauns, Brekku, Háls, Arnarness, Birnustaða og Skaga. Jafnframt er miðað við að Nesdalur og heiðar á Ingjaldssandi hafi verið nýttur sem sameiginlegur afréttur. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í rúmlega tæplega 500m hæð en í tæplega 700m hæð, gróðurnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahviltarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall* (það athugast að ekki er lengur gerð krafa í Flatfjall) er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Mýrar og Lækjarós, Garðs-Meiri, Fells og Minni-Garðs, Klukkulands, Núps, Gerðhamra, Arnarness, Háls, Brekku, Villingadals, Sæbóls, Mosdals, Kirkjubóls og Dalhúsa, Tungu, Grafargils, Hjarðardals ytri, Hjarðardals innri, Traðar og Holts í Önundarfirði. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í um 400m hæð í rúmlega 750m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Núpsfjall og Alviðruffjall* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Núps, Alviðru og Leiti og Gerðhamra. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í rúmlega 600m hæð en að mestu í rúmlega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun á kröfulínu á kröfusvæðinu *Þorfinnur* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Hjarðardal Ytri, Grafargils og Þorfinnsstaða. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun á kröfulínu á kröfusvæðinu *Holtsfjall* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Holts, Traðar og Hjarðardals – Innri. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhátta en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun á kröfusvæðinu *Kambafjall og Messuhorn* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Aðliggjandi jarðir eru Holt, Tröð og Hjarðardalur – Innri. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

V. Lagarök

Um lagarök er aðallega vísað til þjóðlendlaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignaréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

Vísað er til framlagðra skjala og hliðsjónargagna óbyggðarnefndar. Áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn ef tilefni gefur til.


VII. Áskoranir og sérstakur áskilnaður

Áskilinn er réttur til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd. Þá er áskilinn réttur til að leiða vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga, sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfufnú, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 30. júní 2022

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
vegna íslenska ríkisins,



Ívar Pálsson hrl.